

Breytingar á samþykktum LSR 2025

Þann 30. apríl 2025 gerði stjórn LSR breytingar á samþykktum sjóðsins sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 5. júní 2025. Breytingarnar voru eftirfarandi:

LSR getur nú tekið við iðgjöldum sjóðfélaga yfir 70 ára aldri í stað þess að endurgreiða þau til launagreiðenda. Iðgjöldin eru þá lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga.

Reglur um viðmiðunartekjur vegna örorku voru samræmdar við framkvæmd annarra sjóða. Eftir breytingarnar er heimilt að miða viðmiðunartekjur við átta ár aftur í tímann ef óhagstætt er fyrir sjóðfélagann að miða við síðustu þrjú ár vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis. Tekin eru þá út árin sem eru hæst og lægst og miðað við þau sex ár sem eftir standa.

Ákvæði um hæfi stjórnarmanna sjóðsins var einfaldað þannig að vísað er til hæfisákvæðis laga um lífeyrissjóði í stað þess að telja upp hæfisskilyrði. Þá var bætt við ákvæðum um að tryggja skuli hæfi og jafna kynjadreifingu stjórnarmanna og um uppsögn stjórnarmanna og fyrirkomulag við það.

Um eftirmannsreglu í B-deild var sett inn ákvæði um að ef starf sem lífeyrir miðaðist við er lagt niður muni eftirlaun fylgja meðaltalsreglu.

Þá voru gerðar aðrar smærri breytingar:

- Úrelt orðalag var leiðrétt með því að nota orðið örorkulífeyri í stað örorkustyrks.
- Bætt var inn ákvæði til að staðfesta verklag um að lífeyrisréttur falli ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslum.
- Ákvæði um efni ársskýrslu var einfaldað.

Samþykktir LSR má finna á [vef sjóðsins](#).